

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bannað verði að leggja bifreiðum við gangstétt á Vestmannabraut frá gatnamótum Kirkjuvegjar og Vestmannabrautar austur að lóðamörkum Vestmannabrautar 10 og 13a.
2. Þrjú bifreiðastæði verði austanmegin á Kirkjuvegi vestan við bankann með 15 mínútna tímatakörkun.
3. Gangbraut verði á Vestmannabraut á móts við hús KFUM og K.
4. Hilmsgata verði vistgata frá Kirkjuvegi að Vestmannabraut með hámarkshraða 15 km/klst.
5. Hraðahindrun verði á Höfðavegi á móts við Olnboga.
6. Stöðvunarskylda verði á Illugagötu gagnvart umferð á Höfðavegi.
7. Gangbrautir verði á gatnamótum Höfðavegar og Illugagötu.
8. Bárustígur verði vistgata frá gatnamótum Vestmannabrautar að Vesturvegi.
9. Bifreiðastöður verði bannaðar við gangstétt frá Bárustíg 9 að Strandvegi.
10. Einstefna verði á Ásavegi til vesturs frá gatnamótum frá Helgafellsbraut að Kirkjuvegi.
11. Hámarkshraði á Ásavegi frá gatnamótum við Helgafellsbraut að Kirkjuvegi verði 30 km/klst.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Vestmannaeyjum sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 6. apríl 2006.*

**Karl Gauti Hjaltason.**